

# Afbrotatölfræði

## júní 2014

## Aðferð

Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um að ræða bráðabirgðatölur. Tölurnar kunna að breytast með brotum sem kærð eru seint og geta því verið frábrugðnar endanlegum tölum.


Hér er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði.

### Á tímabilinu fækkaði:

- Hegningarlagabrotum
- Þjófnuðum
- Ofbeldisbrotum
- Ofbeldi gagnvart lögreglumönnum
- Kynferðisbrotum
- Eignaspjöllum
- Nytjastuldum
- Ölvunarakstri
- Umferðarslysum

### Á tímabilinu fjölgaði:



- Innbrotum í heild / Innbrotum á heimili
- Fíkniefnabrotum
- Umferðarlagabrotum
- Akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna



Hlutfallsleg breyting á fjölda brota í júní samanborið við meðaltal síðustu þriggja mánaða á undan.

# Hegningarlagabrot

- 541 hegningarlagabrot voru skráð í júní.
- Hegningarlagabrotum fækkaði á milli mánaða.
- Brotin voru nokkuð færri að meðaltali síðustu 3 mánuði og síðustu 12 mánuði.
- Þeim hefur fækkað um 16% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Lögrelan á höfuðborgarsvæðinu

- 288 tilkynningar um þjófnaði voru skráðar í júní sem er nokkuð færri tilkynningar en í maí.
- Þetta eru færri þjófnaðir en að meðaltali síðustu þrjá mánuði og jafnframt síðustu 12 mánuði.
- Tilkynningum um þjófnaði hefur fækkað um 20% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Fjölgun var á innbrotum og reiðhjólþjófnum.
- Fækkun var á hnuplámálum og öðrum þjófnum.
- GSM þjófnaðir stóðu í stað milli mánaða.





	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún
■ Þjófnaður - innbrot	77	59	71	60	62	63	71	61	53	67	71	76	77
■ Þjófnaður - hnupl	88	56	84	83	81	85	64	81	75	87	59	63	40
■ Þjófnaður - gsm	37	55	78	60	48	65	49	51	46	45	38	37	37
■ Þjófnaður - reiðhjól	51	54	64	33	37	21	10	14	16	24	32	54	59
■ Þjófnaður - annað	89	87	91	91	98	73	80	85	93	86	76	97	75



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




- 77 tilkynningar um innbrot eru skráðar í júní og fjölgar þar með um eina tilkynningu milli mánaða.
- Þetta eru fleiri innbrot en að meðaltali síðustu þrjá mánuði á undan.
- Innbrot eru jafnframt fleiri en verið hefur að meðaltali síðustu 12 mánuði.
- Innbrotum hefur fækkað um tæpan þriðjung samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Jafn mörg innbrot voru framin í verslanir og fyrirtæki í júní líkt og í maí, en innbrotum fækkar í heimili og ökutæki.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

# Ofbeldisbrot

- 52 ofbeldisbrot voru skráð í júní en það er nokkur fækkun milli mánaða.
- Minniháttar líkamsárásur fækkaði nokkuð á milli mánaða og hafa ekki verið skráðar færri það sem af er ári.
- Fjöldinn er undir meðaltali síðustu 3 mánaða og síðustu 12 mánaða.
- Ofbeldisbrotum hefur fjölgað um 12% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.




	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún
Líkamsárás, minniháttar	40	42	31	51	70	63	67	49	56	70	45	63	47
Líkamsárás, meiriháttar/stórfelld	13	11	13	7	7	9	11	8	18	6	13	14	5
Önnur ofbeldisbrot	1	4	3	5	0	4	3	3	1	2	2	2	0




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




# Ofbeldi gagnvart lögreglumanni




- Fimm tilvik eru skráð í júní þar sem lögregla hefur verið beitt ofbeldi.
- Fjöldinn það sem af er ári er svipaður og að meðaltali síðustu þrjú ár.
- Ofbeldi gagnvart lögreglumanni hefur aukist um 5% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Skráð voru þrjú tilvik vegna hótunar um ofbeldi gagnvart lögreglumanni í júní.
- Hótunum gagnvart lögreglumanni hefur fækkað um þriðjung samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.



## Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



## Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

# Kynferðisbrot

- Níu kynferðisbrot voru tilkynnt í júní sem er fækkun á milli mánaða.
- Nokkuð færri kynferðisbrot voru tilkynnt í júní en að meðaltali síðustu þrjá mánuði og síðustu 12 mánuði.
- Kynferðisbrotum hefur fækkað um 43% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.





# Heimilisofbeldi

- 13 tilkynningar um heimilisofbeldi var skráð í júní sem eru nokkuð færri tilkynningar en undanfarna mánuði.
- Tilkynningum hefur fjölgað um 17% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

- 99 tilkynningar um eignaspjöll eru skráðar í júní.
- Fjöldinn er svipaður og verið hefur að meðaltali síðustu mánuði.
- Tilkynningum um eignaspjöll hefur fækkað um 12% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Tilkynningum um rúðubrot, veggjakrot og meiriháttar eignaspjöll fjölgaði á milli mánaða, en færri tilkynningar bárust um önnur minniháttar eignaspjöll.



	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún
Rúðubrot	35	18	38	33	48	31	24	37	29	38	40	35	39
Veggjakrot	3	5	7	3	14	6	12	5	2	4	5	3	4
Önnur minniháttar eignaspjöll	63	48	75	69	64	44	46	71	46	76	51	59	54
Meiriháttar eignaspjöll	2	3	1	0	3	0	3	1	2	1	1	1	2





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



# Nytjastuldur ökutækja

- 17 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum farartækjum voru skráðar í júní en það eru töluverð fækkun á milli mánaða.
- Fjöldinn er undir meðaltali síðustu þriggja mánaða sem og síðustu 12.
- Tilkynningunum hefur fjölgað um 5% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



# Fíkniefnabrot

- 196 fíkniefnabrot voru skráð í júní en það er fjölgun á milli mánaða.
- Fjöldinn er yfir meðaltali síðustu 3 mánaða og síðustu 12 mánaða.
- Brotunum hefur fjölgað um 49% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Lögrelan á höfuðborgarsvæðinu

# Umferðarlagabrot

- 2.447 umferðarlagabrot voru skráð í júní en það er tölverð fækkun á milli mánaða.
- Fjöldinn er yfir meðalfjölda brota síðastliðna þrjá mánuði og nokkuð yfir meðaltali síðustu 12 mánaða.
- Brotunum fjölgaði um 20% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.





Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

# Akstur undir áhrifum



- Fjöldi skráðra brota vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna fjölgaði töluvert á milli mánaða.
- Brotum vegna ölvunar við akstur fækkaði lítillega.
- Brotum vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna fjölgaði um 62% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Fjöldi brota vegna ölvunar við akstur fjölgaði um 7% samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Fjöldi tilvika aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna er yfir meðaltali síðustu þriggja mánaða sem og síðustu 12.
- Fjöldi tilvika ölvunar við akstur er undir meðaltali síðustu þriggja mánaða en yfir meðaltali síðustu 12 mánaða.






Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



# Umferðarslys

- Umferðaslysum fækkaði á milli mánaða í júní.
- Færri umferðaslys voru skráð í júní en að meðaltali síðastliðna þrjá mánuði en svipaður fjöldi og hefur verið tilkynntur síðastliðna 12 mánuði.
- Umferðaróhöppum sem eru tengd akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna fækkaði um 29% samanborið við síðustu 3 mánuði.
- Umferðaróhöppum sem eru tengd ölvunarakstri fækkaði um 25% samanborið við



síðustu 3 mánuði.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.